

**Félags – og skólaþjónusta**  
**RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU**  
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

---

**FUNDARGERÐ**

68. fundur stjórnar *Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu* var haldinn þriðjudaginn 22.12.2022, klukkan 10.30 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson formaður, Einar Kristján Jónsson, Tómas Birgir Magnússon, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Helga Björg Helgadóttir og Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn kl. 10:39 og ritaði fundargerð í fjarveru ritara.

1. Samþykkt um fullnaðarafgreiðslu mála hjá barnaverndarþjónustu skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002  
*Stjórn staðfestir samþykktina og að þar tilgreindum starfsmönnum Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu sé falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndarmálum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald.*
2. Umdæmisráð – samningur  
*Stjórn samþykkir að gerast aðili að samning um rekstur umdæmisráðs barnaverndar fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum og Árborg. Formanni stjórnar er veitt umboð til að undirrita viðauka við samninginn um aðild FSRV og aðildarsveitarfélaga þess.*
3. Starfsmannamál  
*Lögð fram tillaga um að framlengja ráðningu lögfræðings við Félags- og skólaþjónustuna í 40% starf sem rúmast innan fjárhagsáætlunar 2023. Samþykkt samhljóða.*
4. Drög að húsaleigusamning  
*Stjórn frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar.*
5. Bókhaldsþjónusta byggðasamlagsins  
*Stjórn felur framkvæmdastjóra að útbúa drög að samning og leggja fyrir næsta fund.*
6. Önnur mál
  - Framkvæmdastjóri fór yfir erindi Mennta- og barnamálaráðuneytis vegna undanþágu til þriggja mánaða frá skilyrðum um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu sem sveitarfélagunum er veitt.
  - Framkvæmdastjóri upplýsti um að fyrir hendi væri bankareikningur á eldri kennitölu byggðasamlagsins sem hægt væri að nota.  
*Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa rafræna undirritun stjórnar svo hægt sé að breyta lykilaðgangi að reikningnum.*

Fundi lauk: 11:32

